

Félagsheimilið á Blönduósi

FUNDUR – 30. apríl 2003

Stjórnarfundur haldinn 30. apríl kl. 17,00 í Félagsheimilinu á Blönduósi.

Dagskrá:

1. Gjöf til Félagsheimilisins á Blönduósi frá Lionsklúbbi Blönduóss.
2. Bréf frá Benedikt Blöndal vegna flygils.
3. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Jóhanna setti fund og bauð alla velkomna. Auðunn og Ágúst Þór, varamaður hans boðuðu forföll. Jóhanna skýrði frá því að Lionsklúbbur Blönduóss hafi fært Félagsheimilinu á Blönduósi að gjöf til kaupa á hljóðkerfi kr. 150.000.
2. Jóhanna las bréf frá Benedikt Blöndal fyrir hönd kirkjunnar. Þar er óskað eftir því að skipt yrði á flygli félagsheimilisins og píanói kirkjunnar. Formanni er falið að kanna nánar hvort þetta sé mögulegt og málið verður afgreitt mjög fljótlega.
3. Önnur mál.

Þann 10. maí verður kosningavaka í húsinu.

Albert sagði frá því að sýningartjaldið væri komið til landsins og að tjaldið ásamt hljóðkerfinu verði sett upp helgina 23.–24. maí.

Albert bað um að fá að kaupa ryksugu og var það samþykkt.

Nú gekk Auðunn inn á fundinn.

Albert óskaði eftir að fá sumarfrí í ágústmánuði og var það samþykkt.

Kristín vill að stjórnin markaðssetji húsið betur sem tónlistar- og menningarhús, fyrir utanaðkomandi aðila.

Komið hefur ósk um það til bæjaryfirvalda að loka hringakstri kring um húsið vegna umferðaröryggis.

Albert sagði frá því að brunavarnarkerfi hússins sé orðið eins og það á að vera, en þó vantar brunastiga fyrir Skjólíð.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið.

Valdimar Guðmannsson
Stefán Hafsteinsson
Auðunn Sigurðsson

Kristín Guðjónsdóttir
Albert Stefánsson
Jóhanna G. Jónasdóttir